

Kæru nemendur

Í ljósi hertra sóttvarnarreglna skerpum við á okkar eigin reglum.

Heimastofan er sóttvarnarhólf hvers hóps og óheimilt er að fara á milli hólfa. Ekki má safnast saman á göngum skólans. Þeir eru eingöngu til þess að koma sér í og úr sinni stofu. Gæta ber að fjarlægðinni þegar gengið er um ganga skólans. Allir aðrir en nemendur sjónlistadeildar nota aðalinngang á 2. hæð. Skrifstofugangurinn á 3. hæð er eingöngu fyrir starfsfólk. Vinsamlega athugið að flóttastiga má eingöngu nota í neyð. Allt bóklegt nám sem ekki getur farið fram í heimastofu fer fram í gegnum fjarkennslubúnað og það sama á við um nám sem fyrirhugað var að færi fram í tölvustofunni. Gríma er skylda og handþvottur og spritt eru lykilatriði sem fyrr. Notið eingöngu salernið sem tilheyrir ykkar hópi.

Á meðan þetta ástand varir verðið þið að yfirgefa skólann um leið og kennslu lýkur.

Námsráðgjöf er í boði eins og ávallt en eingöngu í gegnum síma eða fjarfundaforrit. Tölvupóstfang Önnu námsráðgjafa er [namsrad@mir.is](mailto:namsrad@mir.is).

Til að nálgast Adobe-pakkann þarf fyrst að greiða fyrir hann á skrifstofunni. Þegar því er lokið gefur Sigurjón upplýsingar um næstu skref í gegnum tölvupóstfangið [adobe@rsva.is](mailto:adobe@rsva.is).

Við vonum að þessar hertu reglur þurfi ekki að gilda lengur en eina eða tvær vikur en það verður auðvitað bara að koma í ljós. Mikilvægast er hægt sé að halda skólanum opnum.

Með bestu kveðjum,  
Áslaug Thorlacius